

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 305/1997 um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa.

#### 1. gr.

3. gr. orðast svo:

Til þess að lækni geti átt rétt á að öðlast almennt heimilislækningaleyfi (Evrópu-læknaleyfi) skal hann hafa lokið viðbótarnámi sem hér greinir:

Hann skal að afloknu kándíatsári skv. 2. gr. hafa unnið a.m.k. 24 mánuði sem lækni á viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Þar af skal hann hafa unnið a.m.k. 12 mánuði undir handleiðslu heimilislæknis eða á H2 heilsugæslustöð. Nýta má starfstíma á H2 heilsugæslustöð á kándíatsári sem hluta af kröfu um 12 mánaða starfstíma á heilsugæslustöð. Heildarstarfstími að afloknu kándíatsári skal þó aldrei vera skemmri en 24 mánuðir.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. og 5. gr. læknalaga nr. 53/1988, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. júní 2007.*

F. h. r.

**Davíð Á. Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sólveig Guðmundsdóttir.*